

Landssamband DKG

Annar fundur stjórnar landssambands DKG á Íslandi, var haldinn á Skype 10. ágúst 2017, frá kl. 18.30-20.00.

Mættar: Jóna Benediktsdóttir, Helga G. Halldórsdóttir, Helga Steinsson og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Jónína Hauksdóttir og Jensína. Ekki tókst að ná Skype sambandi við Eygló Björnsdóttur. Jensína vék af fundi eftir umfjöllun um fjárhagsáætlun.

Framkvæmdaráðsfundur

- a. Framkvæmdaáætlun. Farið var yfir drög að áætlun sem Jóna Benediktsdóttir vann í framhaldi af síðasta stjórnarfund. Gerðar voru nokkrar breytingar. Jóna mun fullvinna áætlunina og senda stjórnarkonum til yfirlestrar. Framkvæmdaráætlun er lögð fram til samþykktar á framkvæmdaráðsfundi.
 - b. Fjárhagsáætlun. Óskað var eftir því að gjaldkeri landssambandsins Jensína Valdimarsdóttir geri uppkast að fjárhagsáætlun næsta árs til að leggja fram til samþykktar á framkvæmdaráðsfundi og taki tillit til fjölda stjórnarkvenna úti á landsbyggðinni vegna ferðakostnaðar og undirbúnings fyrir Evrópuþingið 2019.
 - c. Dagskrá: Samþykkt var að bjóða íslensku fulltrúum í erlendum nefndum að kynna starfið í nefndunum.
 - d. Samþykkt að kanna hvort hægt sé að hita súpu í húsi Kennarasambandsins og kanna verð á súpu frá Happi.
2. Vorþing
- a. Fram kom að vorþingið verði 5. maí á Egilsstöðum. Rætt var um að bjóða upp á möguleika á kvöldverði og gistingu í tengslum við þingið, þótt tímasetningar miðist við að hægt sé að koma til þings og fara heim samdægurs.
3. Upplýsingar um næsta þing: Evrópuþingið 2019.
- a. Fram kom að tímasetning Evrópuþingsins verður á tímabilinu 4.-27. júlí 2019. Staðfesting þess efnis hefur borist frá stjórn Evrópusambandsins.
 - b. Þegar undirbúningnefnd vegna staðavals fyrir ráðstefnuna hefur fengið 3 tilboð mun forsendi Evrópusambandsins koma til Íslands til að meta staðarval.
 - c. Stýrihópur til undirbúnings þinginu. Ákveðið hefur verið að eftirtaldar konur skipi hópinn: Sigrún Kristín Magnúsdóttir, formaður. Guðný Helgadóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Sigrún Klara Hannesdóttir og Jensína Valdimarsdóttir, gjaldkeri.
4. Skipan félagskvenna í nefndir.
- a. Farið var yfir þau svör sem borist hafa frá tilnefndum konum í nefndir. Gerðar voru tillögur að fleiri nefndarkonur og skipt á stjórnarkonur að hafa sambandi við þær.
5. Fundarplan fyrir stjórnarfund landssambandsstjórnar.
- a. Þriðji fundur verði haldinn á Skype 22. ágúst kl. 17.00-18.00 til að ljúka undirbúningi fyrir framkvæmdaráðsfundinn.
 - b. Fjórti fundur verði haldinn 1. september í Rauða Kross húsinu, Efstaleiti 9, Reykjavík.
 - c. Fimmti fundur verði haldinn 10. nóvember í Reykjavík.

Fundi slitið kl. 20.00.